

Axhnoðapuntur (*Dactylis glomerata*)

Enska; Cocksfoot (UK), Orchardgrass (USA), danska; Almindelig hundegræs, norska; Hundegräs, sænska; Hundäxing

Tegundalýsing og kjörlendur

Axhnoðapuntur er fjölært hávaxið og blaðríkt puntgras sem hefur fáa kynsprotta en marga geldsprotta. Puntgreinar eru snarpar, punturinn þéttur og snýr að mestu til einnar hliðar. Smáöxin standa mörg saman í þéttum stórum hnoðum sem standa utarlega á puntgreininum. Smáöxin eru þrí- til fjórblóma, mismikið hærð og axagnirnar fjólubláleitar eða gráar, þrítauga og enda í oddhvassri týtu. Frjóhirslur eru ljósbrúnar eða fjólubláleitar, 3-4 mm á lengd. Blöðin eru breið, 4-10 mm, flöt og snörp báðu megin og blaðslíður mjög flöt. Axhnoðapuntur var fyrst fluttur hingað til lands um aldamótin 1900 í tilraunaskyni. Hann finnst allvíða, aðallega sem slæðingur í vegköntum og túnjöðrum en er sjaldgæfur í tünnum.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Áður fyrr var axhnoðapuntur algengur í fræblöndum í sáðsléttur en entist mjög illa. Erlendis hefur hann einnig vikið fyrir öðrum grastegundum eins og vallarrýgresi. Hann er ekki eins vetrarþolinn og vallarfoxgras. Axhnoðapuntur þolir hvorki að liggja undir svelli né vorfrost seinni hluta vorsins og það stendur honum helst fyrir þrifum í ræktun hér á landi. Hjá LbhÍ standa nú yfir prófanir á nýjum yrkjum af axhnoðapunti en niðurstöður liggja ekki fyrir. Fóðrunarvirði axhnoðapunts er talið lakara en bestu túngrasa og hann er ekki eftirsóttur til beitar. Hann getur gefið mikla þurrefnisuppskeru og góðan endurvöxt sem best er að votverka.

Ræktunarleiðbeiningar

Axhnoðapuntur vex í flestum jarðvegsgerðum á breiðu sýrustigsbili, en framræsla þarf að vera í góðu lagi. Hann stendur sig einnig vel í skugga trjáa. Best hentar að hafa hann í blöndu með vallarrýgresi ef hann á að vera í blöndu. Þúsundkorna þyngd er 1 til 1,5 g og ráðlagt sáðmagn 25 til 35 kg á ha. Fræið spírar hratt og getur gefið nokkra uppskeru strax á fyrst ári. Sáðdýpt er 1-2 sm og sáðbeðið á að vera þétt og fínunnið. Best er að sá snemma vors á yfirborðið og valta strax á eftir. Það gerir svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng túngrös (sjá Handbók bænda). Til að tryggja góðan endurvöxt er ráðlegt að bera á köfnunarefni eftir slátt.

